

18. september í Hofi

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 1 í C-dúr

Joseph Haydn

Sinfónía nr. 104 í D - dúr



sú fyrsta
& sú síðasta

Anna-Maria Helsing stjórnar Beethoven og Haydn

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
NORÐURLANDS
'22-23

Sinfónía

Á tónlistarkennarapíngum er spurt: „Af hverju ættu ungir krakkar að læra á klassísk hljóðfæri? Hafa þau einhvern áhuga á klassískri tónlist?“ Góð spurning.

Klassísk tónlist er kannski ekki beint til fyrir krökkum. Meira bara tónlist. Eða lög. Og á hljóðfæri má spila tónlist/lög. Svo er hitt, þetta augljósa: nefnd klassísk hljóðfæri má oft nota til að spila í stórri hljómsveit. Margir krakkar saman. Brasa við að framkalla tiltekin hljóð ásamt fleirum sem standa í einmitt sama brasi á sama tíma. Úr verður gjarnan eitthvað mikið fjör. Gott lag (eða vont). Hávaði. Sviti, tár, fliss, kæti. Sjaldan blóð. Fegurð. Furðuleg hljóð. Allur fjandinn.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands byrjar starfsárið í þetta sinn á að segja nafnið sitt: spila tvær SINFÓNÍUR sérstaklega samdar til þess að margt fólk geti með mörgum hljóðum myndað eitt gott risahljóð/-lag sem dvelja má við um stund. Ærnar renna eina slóð niður af fjalli, en fólk smalar sjálfu sér í Hof til að heyra hljóð og lög. Mörgum sauðanna er samtakamátturinn ekki til heilla þá stundina. (Það þarf víst að gá hvað býr að baki þegar manni er smalað.) En þó ég beiti allri minni tortryggni fæ ég ekki séð að hér sé verið að leiða mig til slátrunar. Mér finnst gaman að snúast í kring um tónlist með fólki.

Drögum manneskjur rétt aðeins í tvo tölfræðidilka: lifendur og dauða. Að tónleikunum í dag koma tveir dánir tónlistarmenn og 38 lifandi. Og ég veit ekki hvað margir lifandi áheyrendur. Hlustun er gjörð. Hljómburður lengir endingartíma hljóðanna, en eyrun

nema þau og sálin breytir þeim í tónlist. Saman eigum við tónlistina, saman eigum við daginn og hljómsveitina.

Það er einatt stríð, stórt og smátt, stundum ósýnilegt, úti um allt, inni um allt. Drepa, skemma, það er auðvelt, óáhugavert. Dauðinn kemur alveg af sjálfu sér. Hitt er merkilegt, öll atorkan sem fer í að viðhalda lífi og búa eitthvað til: hugsanir, gangstéttir, kjötbollur í sósu, blýanta, tillitssemi, unað, frið... Að visu gengur það flest oftast á afturfótunum, en það gerum við líka sjálf með einum eða öðrum hætti, og mjökumst þó eitthvað, eða reynum. Margt gengur.

Anna-Maria Helsing hefur fyrir því að sprengja fyrir okkur nokkur leiðinda glerþök sem aðskilja fólk, kúga og misþyrma. Auk þess nennir hún alla leið norður á þennan heimsins hjara til að spila með okkur skemmtileg lög. Kiitos, tack! Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brasar óþreytandi við að taka niður glerveggi tónlistar og mannlífs: henda sér áfram í framsæknihug, finna viðspyrnu í fortíðinni, þvælast út á hlið, glápa upp í loft og grafa niður í moldina, rannsaka heiminn allt um kring, hægt, sigandi, á afturfótunum. Og yfirleitt halda uppi hámarksfjöri. Frekar góðar fréttir, þetta. SN og félagar, góða skemmtun í vetur!

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir

Efnisskrá

Joseph Haydn

Sinfónía nr. 104 í D - dúr (um 30 mínútur).

~ HLÉ ~

Ludwig van Beethoven

Sinfónía nr. 1 í C-dúr (um 30 mínútur).

Höfundar

Joseph Haydn, Ludwig van Beethoven

Hljómsveitarstjóri

Anna-Maria Helsing



Sinfóníuhljómsveit Norðurlands




Anna-Maria Helsing

Finnski hljómsveitarstjórinn Anna-Maria Helsing hóf feril sinn sem fiðluleikari en lagði síðan stund á hljómsveitarstjórn við Sibeliusarakademíuna í Helsinki undir leiðsögn Leifs Segerstam. Helsing hefur stjórnað öllum helstu hljómsveitum í Finnlandi og varaðahljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Oulu á árunum 2010–13. Hún kemur reglulega fram með Konunglegu filharmóníusveitinni í Stokkhólmi og sinfóníuhljómsveitunum í Gautaborg og Þrándheimi sem og öðrum hljómsveitum á Norðurlöndum. Helsing hefur einnig getið sér gott orð fyrir óperuflutning, bæði eldri verka og nýrra. Fyrsta verkefni hennar á því sviði var árið 2008 þegar hún stjórnaði óperunni *Adriana Mater* eftir Kaiju Saariaho í Finnsku þjóðaróperunni. Hún stýrði frumuppfærslu á óperu *Karólínu Eiríksdóttur, Magnus Maria*, sem sýnd var víða á Norðurlöndum á árunum 2014–16, meðal annars á Listahátíð í Reykjavík. Helsing leggur sérstaka alúð við nýrri tónlist og hefur hlotið verðugar viðurkenningar fyrir það. Árið 1999 vann hún til fyrstu verðlauna í alþjóðlegri keppni 20. aldar tónlistar fyrir unga listamenn í Varsjá og árið 2011 uppskar hún Louis Spohr-verðlaunin í Braunschweig, fyrst hljómsveitarstjóra, en þau eru veitt tónlistarmönnum sem láta að sér kveða í nýrri tónlist og kynna hana ungu fólki.

Joseph Haydn - Sinfónía nr. 104

Það er athyglisvert að hlusta á eitt fyrsta stórvirki ungs eldhuga strax á eftir eins síðasta verks gamals meistara. Sinfónía Haydn nr. 104 var síðasta sinfónían sem hann skrifaði. Hún er sú síðasta í langri röð verka sem kölluð eru Lundúnarsinfóníurnar. Í Þýskalandi er hún kölluð Salomon sinfónían í höfuðið á tónleikahaldaranum Johann Peter Salomon sem skipulagði vel heppnaðar tónleikaferðir Haydn til Englands. Þó þetta sé síðasta sinfónía gamals manns er hún full af birtu og krafti. Hún byrjar á hægum en tignarlegum forleik í moll sem leiðir okkur yfir í hinn raunverulega fyrsta kafla vel kjörnuðum í dómínant tóntegund verksins D-dúr. Annar kaflinn er undirforhljóms tóntegundinni G-dúr með aðal stefið í strengjum en svo í tréblæstri. Þá kemur menúett og tríó í D-dúr og loks lokakaflinn sem er hressandi sónata byggð á stefnum sem sögð eru vera mótuð af króatískum þjóðlögum.



Ludwig van Beethoven - Sinfónía nr. 1

Fyrsta sinfónía Beethoven er greinilega undir miklum áhrifum frá læriföður tónskáldsins, Jóseph Haydn. En samt ber hún sterk höfundareinkenni hans sjálfs. Það er nefnilega ákveðinn villtur frjálisleiki í henni sem gat aðeins komið frá Beethoven sjálfum. Þar má nefna tíða notkun sforzando og óvæntra breytinga á tónmiðju sinfóníunnar sem var nýjung hjá hinum unga Beethoven um aldamótin 1700/1800. Einnig var hann djarfari í notkun málm og trúblásturs en flestir strax í sinni fyrstu sinfóníu. Margir vilja þó meina að fyrstu tveir kaflarnir séu í raun eins og framhald af sinfóníum Mozart en seinni tveimur birtist hinn djarfi Beethoven. Haydn hafði svo sannarlega mikil áhrif á báða þessa meistara. Ásamt hinum átta sinfóníum sem hann átti eftir að semja, varð þessi sinfónía skapalón fyrir vel flest tónskáld sem komu fram næstu öldina.



Sinfóníuhljómsveit Norðurlands

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands er nútímaleg og verkefnamiðuð hljómsveit. Sveitin var stofnuð árið 1993 og hefur vaxið mikið undanfarin ár, sem hluti af rekstri Menningarfélags Akureyrar. Fyrir utan að hafa í hávegum flutning á klassískri tónlist hefur hljómsveitin á síðustu árum sérhæft sig í upptökum á kvikmyndatónlist og stuðlað að frumflutningi á nýrri íslenskri sinfónískri tónlist. Sinfóníuhljómsveit Norðurlands brýtur múra milli tónlistarstefna og leitast við að brúa bilið milli áheyrenda og flytjenda með samstarfi við listamenn úr öðrum geirum tónlistarlífsins. Frábær árangur hljómsveitarinnar ber þess vitni að starfsemi hennar hefur unnið sér sess á Akureyri hjá bæði áheyrendum og listamönnum sem öflug uppspretta afþreyingar, frumsköpunar og atvinnutækifæra.

Hljómsveitarskipan

Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

1. fiðla

Greta Salóme Stefánsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Martin Frewer
Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir
Roland Hartwell
Hlín Erlendsdóttir

2. fiðla

Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Marcin Lazarz
Ólöf Þorvarðardóttir
Tomasz Kolosowski
Marika Alavere

Vióla

Guðrún Hrund Harðardóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Eydís Úlfarsdóttir
Vigdís Másdóttir

Selló

Steinunn Arnbjörg Stefánsdóttir
Ásdís Arnardóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Helga Ágústsdóttir

Bassi

Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson

Horn

Ella Vala Ármannsdóttir
Kjartan Ólafsson

Flauta

Katrin Heymann
Petrea Óskarsdóttir

Óbó

Matthías Nardeau
Gillian Haworth

Klarinett

Ármann Helgason
Helga B. Arnardóttir

Fagott

Dagbjört Ingólfssdóttir
Briánn Ingason

Trompet

Sóley Björk Einarsdóttir
Øyvind Lapin Larsen

Slagverk

Emil Þorri Emilsson

JÓIPÉ X KRÓLI
BLESS Í
ÁSAMT
HLJÓMSVEIT
SINFÓNIANORD

MIÐAR Á MAK.IS.....

HOF - HAMRABORG / AKUREYRI 29. OKT

PARENTAL
ADVISORY
EXPLICIT CONTENT

